

Fundargerð Aðalfundar 2016

Aðalfundur foreldrafélags Árbæjarskóla var haldinn miðvikudaginn 11. maí kl. 19:30. Gestir voru á milli 20-30 manns fyrir utan stjórnina.

- Kristín H., formaður, flutti ársskýrslu stjórnar og fór m.a. yfir punkta sem fram komu á foreldrafundinum 18. febrúar. Rætt var um áherslubreytingar félagsins, að hverfa frekar úr viðburðastjórnnum og einbeita sér meira að fræðslu- og forvarnarstarfi. Margar góðar ábendingar um hugmyndir að fræðslu komu úr sal, m.a. fjármálafræðsla fyrir unglingastig, fræðsla um atvinnulífið (svipað og VR hefur boðið upp á (skóli atvinnulífsins)) og allt sem fylgir því, einhvers konar starfsfræðsla þar sem hugsanlega mætti nýta foreldra og fá þá til að kynna starf sitt. Einnig var rætt um að vanda þyrfti val á því fólki sem hugsanlega byði starfsfræðslu og aðra fræðslu (hvort sem það væru foreldrar eða aðrir).
- Kristín Þóra, gjaldkeri, kynnti ársreikning félagsins. Eftir að greiðsluseðlar voru sendir sem krafa en ekki valgreiðsla þá jókst innheimta þeirra úr tæpum 50% frá síðasta skólaári í 85% í ár. Gerð var grein fyrir kostnaði og útgöldum. Ársreikningur var samþykktur af öllum gestum.
- Lagt til að árgjaldið yrði áfram 1.800 kr á fjölskyldu. Tillaga kom úr sal þess efnis að næsta vetur yrði það hækkað í t.d. 2.500 kr, aðeins í eitt ár, vegna afmælisárs skólans næsta vetur þar sem til stendur að foreldrafélagið styrki skólann í hátíðahöldum af því tilefni. Önnur tillaga var að árgjaldið yrði áfram 1800 kr en síðar um veturinn yrði sendur annar auka-seðill, upp á 700-1000 kr, til að mæta þessum kostnaði. Málið verður tekið fyrir síðar hjá stjórn foreldrafélagsins.
- Formaður kynnti að meirihluti núverandi stjórnar byði sig áfram og uppskar lófaklapp. Kynnti einnig nýjan stjórnarmeðlim, sem var þó ekki á staðnum, sem og að annar tveggja skólaráðsfulltrúa tæki einnig sæti. Tveir stjórnarmenn gefa ekki kost á sér áfram. Stjórn foreldrafélagsins 2016-2017 verður þannig skipuð: Kristín Helgadóttir, Kristín Þóra Kristjánsdóttir, Elín María Þorvarðardóttir, Erna Svanborg Ingadóttir, Guðbjörg Eiríksdóttir, Víoletta Ósk Hlöðversdóttir, Bjarki Rafn Guðmundsson og einn skólaráðsfulltrúi.
- Anna G. Steinsen flutti fyrirlestur um kvíða barna og unglunga við góðar undirtektir fundargesta og líflegar umræður.

Fundi slitið kl. 21:20